Sþ. **424. Fyrirspurnir.** [202. mál]

I. Til forsætisráðherra um athugun á framfærslukostnaði.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvað líður framkvæmd þeirrar athugunar á framfærslukostnaði a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi sem ákveðin var með ályktun Alþingis frá 16. maí 1975?

II. Til forsætisráðherra um styrkveitingu Norðurlandaráðs til íþrótta.

Frá Ellert B. Schram.

1. Hvaða samþykktir hefur Norðurlandaráð gert varðandi samskipti Norðurlanda á sviði íþrótta?
2. Hve miklu fé hefur verið varið til að efla þau íþróttasamskipti undanfarin 5 ár og hver er hlutur Íslands (sundurliðaður)?